



MA ritgerð
Hagnýt ritstjórn og útgáfa

Tímaritið *Dunce*
Hlutverk ritstjóra og útgefanda listtímarita

Sóley Frostadóttir

júní 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Hagnýt ritstjórn og útgáfa

Tímaritið *Dunce*

Hlutverk ritstjóra og útgefanda listtímarita

Ritgerð til M.A.-prófs

10 ECTS

Sóley Frostadóttir

Kt.: 270792-2009

Leiðbeinandi: Gunnþórunn Guðmundsdóttir

Júní 2021

Ágrip

Skapandi ferli getur af sér margþætt efni auk lokaafurðar sem ýmist telst til listrænnar rannsóknar, hugmyndavinnu, skissugerðar, mótunar stefnuyfirlýsinga og yfirlýsinga listamanna. Þessir angar mismunandi skrifa úr sköpunarferli listamanna veita innsýn í það efni sem ritstjóri á sviði dans- og gjörningalistar þarf að hafa þekkingu á til þess að geta gegnt hlutverki sínu; að velja inn höfunda og listamenn til umfjöllunar jafnt sem að móta þemu og efnistöð sem eru í samhengi við það sem er að gerast innan listasenuunnar hverju sinni. Ritstjóri innan listgreina þarf að vera í góðu samtali við höfund þannig að textinn styðji við merkingarsköpun verksins.

Eftirfarandi ritgerð er unnin út frá ritstjórnar- og útgáfuferlinu á tímaritinu *Dunce* sem ég ritstýrði og gaf út í desember 2020 í samstarfi við Prent & vini. Markmiðið var að skapa nýjan umræðuvettvang fyrir dans- og gjörningalistir á Íslandi með það í huga að hafa umhverfissjónarmið í forgrunni, einblína á sköpunarferlið og að vinna efni blaðsins í samtali við listamenn sem starfa á fagvettvanginum þannig að efnið endurspegli og veiti greinargóða innsýn í starfsemi senunnar.

Abstract

The creative process generates a variety of material alongside the final product. This can be in the form of artistic research, concept development, sketches, scores, manifestos and artist statements. These various strands that stem from the creative process of an artist give insight into the material that an editor in the field of dance and performance art is required to be familiar with. An editor within the arts needs to be in close conversation with the author so that the text supports the conceptual basis of the artwork.

The following thesis centers around the editing and publishing process of *Dunce* magazine that I edited and published in December 2020 in collaboration with Print & Friends. The aim was to create a new forum of discussion for dance and performance art in Iceland emphasizing a sustainable approach to publishing, focusing on the creative process and to gather material in direct conversation with working artists in the professional field so that the material reflects and represents the scene.

Efnisyfirlit

| | | |
|-----|---|----|
| 1 | Inngangur | 6 |
| 2 | Útgáfufæri Duce | 8 |
| 2.1 | Hugmyndafræðileg umgjörð | 9 |
| | Stefna..... | 9 |
| | Ritstjórnarstefna og nálgun..... | 10 |
| | Hönnunarstefna..... | 10 |
| | Myndasmíð | 11 |
| | Umhverfisstefna..... | 11 |
| 2.2 | Hagnýtir og verklegir þættir..... | 12 |
| | Verkþættir..... | 12 |
| | Risograph prentun..... | 13 |
| | Offset litografía..... | 14 |
| 2.3 | Mörkun, miðlun og dreifing | 15 |
| | Kjarnaskilaboð | 15 |
| | Miðlunarleiðir | 15 |
| | Markhópur | 15 |
| | Snertingarleiðir | 15 |
| | Dreifing, upplag | 16 |
| 2.4 | Auglýsingar í listtímaritum | 16 |
| 3 | Sjálfsútgáfa..... | 19 |
| 3.1 | Sjálfbærni í tímaritaútgáfu | 20 |
| 3.2 | Útgáfa og aktivismi: Smárit og DIY-menning..... | 21 |
| 3.3 | Ápreifanleiki..... | 23 |
| 3.4 | Listamaðurinn sem útgefandi..... | 24 |
| 4 | Skrif listamanna: Stefnuyfirlýsingar, skrásetning dansverka og listrænar rannsóknir | 26 |

| | |
|--|----|
| 4.1 Annað tölublað Dunces: Efnistökin..... | 26 |
| 4.2 Listrænar rannsóknir | 27 |
| 4.3 Stefnuyfirlýsingar | 28 |
| 4.4 Skrásetning dansverka..... | 30 |
| Sögulegt samhengi | 30 |
| Skissur póstmóðern danslistamanna | 32 |
| 5 Lokaorð | 34 |
| Heimildaskrá | 36 |

Myndaskrá

| | | |
|---------|---|----|
| Mynd 1 | © Tímaritið Dunce | 9 |
| Mynd 2 | Physical Intimacy in a Socially Distanced World, © Dunce..... | 11 |
| Mynd 3 | Klavs Liepins, © Dunce | 13 |
| Mynd 4 | Auglýsingar listasýninga, © Artforum International..... | 16 |
| Mynd 5 | Tísku auglýsing, © Artforum International..... | 17 |
| Mynd 6 | © Prent & Vinir, Athens Art Book Fair, 2019 | 22 |
| Mynd 7 | © Ólafur Elíasson, Your House, 2006..... | 23 |
| Mynd 8 | Choreographie, © Beauchamp-Feuillet, 1700..... | 30 |
| Mynd 9 | Choreographie, © Beauchamp-Feuillet, 1700..... | 31 |
| Mynd 10 | Labanotation, © Rudolf Laban..... | 31 |
| Mynd 11 | Variation 3, © Anne Teresa de Keersmaeker..... | 33 |

„The book is a medium that requires no visual display, other than to be read, and the active mental participation of the reader.“¹

1 Inngangur

We could say that the practice of publishing thrives on the desire to create moments of sharing, to bring together readers from across different contexts to explore how we can transcend national boundaries and discuss models for sharing and distributing knowledge.²

Útgáfa fer í gegnum fjölbreytta verkferla sem byggja á sameiningu ólíkra greina og samtali þeirra á milli; höfundar, ritstjóra og útgefanda, ásamt umbrotsmanni og hönnuði, prentara og markaðsstjóra. Útgáfa byggir á ákveðnum grunnþáttum við undirbúning efnis til birtingar en innan fagsins eru mismunandi tegundir útgáfustarfsemi, allt frá bókaforlögum til listamannarekinna listbókamessa. Útgáfa getur verið stofnanavædd en er allt eins undir formerkjum sjálfsútgáfu sem á rætur að rekja til DIY-menningar.

Þegar ritstjóri kemur að útgáfu við textavinnu, kemur hann meðal annars að efnislegri vinnu textans þar sem hann gegnir hlutverki leiðbeinanda höfundarins, setur sig í spor lesandans og tryggir að hugmyndir höfundar skili sér til lesenda. Ritstjórnarferlið samanstendur af nokkrum stigum yfirlesturs, allt frá efnislegum lestri til nákvæmislesturs þar sem einblínt er á orðalag, setningaskipan og málfar. Ritstjórnarferlið byggir á samtali höfundar og ritstjóra þar sem fram fara skoðanaskipti og samræður um efni og innihald verksins þangað til sammælt er um að verkið sé eins og best verður á kosið. Að því loknu tekur prófarkalesari við og lagar málfar og stafsetningu. Ritstjóri stendur vörð um gæði efnisins. Með því að veita höfundi ráðgjöf um efnislegt innihald textans styður hann höfund við mótun verksins. Hann dregur fram styrkleika höfundar þannig að textinn njóti sín, en passar jafnframt upp á að draga úr endurtekningum og að samræmi sé í efnislegum þáttum sem og í málfari. Að þessu sögðu er hlutverk ritstjóra tímarits fyrst og fremst að velja efni til birtingar og að velja saman fólk þar sem hugað er að hvers konar samfélag verið er að skapa.

¹ Germano Celant, *Book as Artwork*, 16.

² Chiara Figone og Paolo Caffoni, „Notes Toward a Publishing Practice,“ 309.

Ritstjórinn lítur á heildarmyndina og fylgir verkefninu eftir. Hann er talsmaður verksins og höfundanna og passar að efnið endurspegli fagvettvanginn sem um ræðir.

Eftirfarandi ritgerð er unnin út frá ritstjórnar- og útgáfufyerli tímaritsins *Dunce* sem ég ritstýrði og gaf út í desember 2020 í samstarfi við Prent & vini, með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Markmiðið var að skapa nýjan umræðuvettvang fyrir dans- og gjörningalistir á Íslandi með það í huga að hafa umhverfissjónarmið í forgrunni, einblína á sköpunarferlið og að vinna efni blaðsins í samtali við listamenn sem starfa á fagvettvanginum þannig að efnið endurspegli og veiti greinargóða innsýn í starfsemi senunnar.

Fyrsti kafli er tileinkaður tímaritinu *Dunce*; hugmyndafræðilegri umgjörð, hagnýtum og verklegum þáttum sem og auglýsingum í listtímaritum. Sjónum verður beint að hönnun, umhverfissjónarmiðum og verkferlum við prentun og framleiðslu. Ritstjórnarstefna og efnislegir þættir sem snúa að hlutverki ritstjóra og útgefanda verða einnig í forgrunni. Auglýsinga- og markaðsstefna tímaritsins verður skoðuð í samhengi við önnur listtímarit og framsetningu þeirra á auglýsingaefni.

Annar kafli snýr að sjálfsútgáfu, DIY-menningu og sjálfbærni í tímaritaútgáfu þar sem áfram verður miðað við sköpunarferli tímaritsins *Dunce* en einnig litið til alternatífrar útgáfu á borð við smárit (e. *zine*) og bókverk sem eru kennd við myndlist, aðgerðasinna, grasrótastarfsemi og jaðarmenningu. Bókverk eru óháð sýningarrýmum þar sem þau eru sýningarrými í sjálfu sér.

Þriðji kafli kynnir þema annars tölublaðs. Til þess að veita nánari innsýn í dans- og gjörningalistir og það efni sem ritstjórnin nýtir við mótun tímaritsins fjallar þriðji kaflinn um ólíkar tegundir skrifa listamanna og dansara. Að lokum verða skissur danshöfunda sem og skrásetningar dansverka til umfjöllunar sem dæmi um birtingu á efni úr listrænni rannsókn.

Ritstjóri innan listgreina þarf að vera í góðu samtali við höfund þannig að textinn styðji við merkingarsköpun verksins. Þegar útgáfa er hugsuð sem listaverk er ritstjórinn í hugmyndafræðilegu samtali um form og tilgang útgáfunnar, þar sem hlutverk listamanns og útgefanda renna saman. Í þessari ritgerð er áhersla lögð á greiningu á ritstjórnar- og útgáfufyerli tímaritsins *Dunce*, árlegrar útgáfu á sviði kóreografíu og gjörningalistar.

2 Útgáfuferli Duncce

Undanfarin ár hafa verk danshöfunda og myndlistarmanna sem vinna með gjörningaformið skarast sífellt meira. Verkefnið sameinar þrjú fagsvið; danslist, myndlist (gjörninga), prent og útgáfu. Ritstjórn tímaritsins einblínir á sameiginlegan snertiflöt þessara listgreina og skapar vettvang fyrir faglega umræðu. Sú orðræða hefur fram að þessu haft takmarkaðan vettvang og skortur hefur verið á skrifum um dansformið hér á landi. Þar sem dans og gjörningalist eru hverful listform er skrásetning verkanna mikilvæg til þess að geta miðlað þeim. Sökum skorts á rituðu efni um dans á Íslandi hefur kennurum reynst erfitt að sækja efni til kennslu í danssögu og danssmíði. Þannig rennur tímaritið *Duncce* stoðum undir fræðasvið danslistarinnar. Ég kem að þessu verkefni sem starfandi danshöfundur og danskennari og hef tekið eftir að nemendur virðast hafa takmarkaða tengingu við íslensku danssenuna. Tímaritið getur reynst dýrmæt viðbót við þroska og menntun dansnema, auk þess kemur *Duncce* til með að vera gagnagrunnur um samtímadans og kóreografíu síðar meir.

Við prentun blaðsins er notuð risograph prenttækni en sú aðferð er bæði umhverfisvænn og hagkvæmur kostur þegar um sjálfsútgáfu er að ræða. Jafnframt er notast við umhverfisvottaðaðan og endurunninn pappír. Prent & vinir gefa út bókverk myndlistarmanna og leggja mikið upp úr útgáfu bóka sem listaverks en *Duncce* er á sama hátt hugsað sem hönnunar- og prentgripur.

Prentiðnaðurinn er á miklum tímamótum bæði vegna upplýsingaflæðis á netinu og aukinnar umhverfisvitundar. Tímarit eru upphaflega hugsuð sem fremur hverful útgáfa á milli dagblaðs og bókar. Í dag er sífellt meira lagt í útgáfu tímarita til að gera þau eigulegri svo að þau skeri sig frá hverfuleika upplýsinga á internetinu. Lagt er upp úr því að gefa út tímarit sem er eigulegur gripur en jafnframt sjálfbær, umhverfisvænn og ódýr í framleiðslu.

Ritstjórnarstefna og nálgun

Auk þess að fjalla um fagsvið dans og gjörningalistar er tímaritinu ætlað að vera framsækin viðbót við fagsvið bókahönnunar og bókverka. Prent & vinir gefa tímaritið út en þeir hafa gefið út bókverk myndlistarmanna með risograph prenti. Risograph prenttæknin byggir á árpúsunda gamalli japanskri skapalónsprenttækni. Hún er frábrugðin offsetprenti að því leyti til að vélin gengur fyrir mjög litlu rafmagni, notar soja- og hrísgrjónabaseraða liti í stað olíulita sem og prentplötur úr bananatrefjum í stað áls eða plasts. Fáir aðilar bjóða upp á risograph prentun hérlendis og lítið er um slíka útgáfu á Íslandi.

Þar sem verkefnið er þverfaglegt var rannsóknarvinnan á tveimur sviðum. Annars vegar á því sem við kom útgáfunni sjálfri og prentferlinu, hins vegar á ritstjórn á innihaldi tímaritsins. Leitað var í skrif um sjálfsútgáfu og rekstur smærri útgáfufyrirtækja sem stunda alterantífa útgáfu með áherslu á sjálfbærni og umhverfisvænar lausnir. Þær upplýsingar nýttust við gerð tímaritsins.


Útgáfu af þessu tagi fylgir ábyrgð; umfjöllunarefni tímaritsins þarf að endurspegla starfsemi listasunnar á ábyrgan hátt. Mikilvægt er að skoða með faglegum hætti hvaða efni skal vera til umfjöllunar í hverri útgáfu fyrir sig. Að því sögðu var skipað fagrað þar sem tveir virkir aðilar innan sunnar koma með ábendingar og tillögur að efnisinnihaldi. Með þessu skapast yfirsýn og opið samtal um þróun listformsins.

Mikilvægt er að stefna blaðsins sé skýr frá upphafi. Áhersla var lögð á skurðpunktinn á milli dans- og myndlistar og þá sérstaklega verk sem fela í sér listræna rannsókn. Einkennandi fyrir þau verk og listamenn sem eru til umfjöllunar er að þau eru leitandi og tilraunakennd á sínu sviði.

Hönnunarstefna

Hönnun tímaritsins er í umsjón Helgu Daggar Ólafsdóttur. Hún er sjálfstætt starfandi grafískur hönnuður sem hefur hlotið viðurkenningar m.a. fyrir hönnun á tímaritinu *Blæti* og nú fyrir hönnun *Dunce*. Í upphafi hönnunarferlisins voru afmarkaðir staðlar sem síðan var fylgt við vinnslu mismunandi efnis. Hönnunin gerir greinarmun á viðtölum og greinum með mismunandi uppsetningu. Mikil áhersla var lögð á leturgerðir og texti ýmist settur þéttur upp á síðu eða látinn njóta sín í stóru letri og með mikið andrými. Fyrsta tölublað *Dunce* hefur náttúrulega áferð sem kemur með risograph prentun og einkennist af þeim litavalmöguleikum sem sú prentaðferð hefur upp á að bjóða. Prentað er með svörtum lit á litaðan pappír, en

einnig er prentað í lit á hvítan pappír. Takmarkanir prentaðferðarinnar leiddu því hönnunina á ný mið.



Mynd 2 *Physical Intimacy in a Socially Distanced World*, © Dunce

Myndasmíð

Myndefnið var að hluta til fengið frá þeim listamönnum sem tímaritið fjallar um og er fyrst og fremst tengt umfjöllunarefni greinanna. Leifur Wilberg Orrason sá um aðra ljósmyndun fyrir fyrsta tölublaðið. Helga Dögg Ólafsdóttir sá um óhlutbundnar myndir sem notaðar voru við kaflaskil og prentaðar í tveimur lögum; spot-litum í ljósfjólubláum og gulum.

Umhverfisstefna

Verkefnið tókst á við þær áskoranir sem blasa við þegar efni er gefið út á prenti í dag. Þar efst á baugi eru umhverfissjónarmið. Áherslur í tímaritaútgáfu voru endurskoðaðar og leitast var við að nýta sjálfbæra kosti í prentaðferðum og pappírsvali. Hugað var að því að hafa framleiðsluferlið sveigjanlegt svo að það gæti aðlagast eftirspurn. Risograph prent er einfalt í notkun og ekkert því til fyrirstöðu að prenta í litlu upplagi í stað þess að prenta í offsetprenti

þar sem upplagið þarf að vera stórt. Einnig er umhverfissvænna að prenta hér á landi frekar en að láta senda prentgripi milli heimsálfa. Með því að byggja á nútímagildum stuðlar útgáfan að raunhæfum kosti í sjálfsútgáfu og prentun í menningu og listum.

2.2 Hagnýtir og verklegir þættir

Verkþættir

Fyrsti þátturinn í ritstjórnarferlinu snerist um að finna höfunda, hönnuð, ljósmyndara, útgefanda og prentara. Í kjölfarið fór mikil vinna í að funda með fólki og útdeila verkefnum, samhliða því að móta ritstjórnarstefnu blaðsins og stúlbrigði í samtali við hönnuð, útgefanda og ljósmyndara. Á fundum var áhersla lögð á að skilgreina umhverfisstefnu tímaritsins og vinna samkvæmt henni. Litið var til annarra menningartímarita í leit að hönnunarhugmyndum og textauppsætningu, sem og ritstjórnarstefnum.

Tekin var ákvörðun um tungumálastefnu tímaritsins. Í því samhengi var ákveðið að allur texti tímaritsins yrði birtur á því tungumáli sem hann er skrifaður. Með því er komið til móts við þarfir ólíkra hópa og fjölbreytileika tungumálsins fagnað. Að birta stóran hluta greina tímaritsins á ensku býður upp á alþjóðlega dreifingu en umfjöllun um fagið á móðurmálinu styrkir grundvöll fagsins innan tungumálsins.

Stefnt er að því að hvert tölublað byggi á fyrirframákveðnu þema sem stýrir því hvaða listamenn verða til umfjöllunar í blaðinu hverju sinni og hvaða efnistöð verða í fyrirrúmi. Þema fyrsta tölublaðs voru stefnuyfirlýsingar listamanna. Valdar voru bæði gamlar og frumsamdar stefnuyfirlýsingar til birtingar í blaðinu.

Þegar grunnurinn hafði verið lagður tók umfangsmikið ritstjórnarferli við. Það þurfti að fylgja textaskilum höfunda eftir, hreinsa textana með höfundum og gera þá tilbúna fyrir umbrot. Mikil samvinna með ljósmyndara og viðmælendum miðaði að því að finna myndefni við hæfi. Hlutverk ritstjóra var einnig að sjá um Q&A hluta tímaritsins sem er kafli tileinkaður viðtölum við listamenn um skapandi ferli. Í fyrsta tölublaðinu eru viðtöl við sex listamenn, þar af einn listhópur. Kafllinn mótar þriðjung blaðsins. Að lokum var undirbúningur kynningar- og markaðsmála settur af stað, auglýsingapakki sendur á fyrirtæki og vefsíða með helstu upplýsingum um tímaritið og áskriftarleiðum unnin í samstarfi við hönnuðinn.



Mynd 3 Klavs Liepins, © Dunce

Risograph prentun

Sigurður Atli Sigurðsson myndlistarmaður er annar eigenda Prents & vina og einn sýningarstjóra Reykjavík Art Book Fair. Prent & vinir nota risograph vélar og silkibrykk til útgáfu tengda hönnun og listum. Risograph hefur um árabíl verið notað á skrifstofum, í skólum og af félagasamtökum til fjölrítunar vegna þess hve hagkvæmt það er til prentunar í meðalstóru upplagi. Undanfarin ár hefur notkun myndlistarmanna og hönnuða á aðferðinni aukist umtalsvert til útgáfu á prent- og bókverkum. Oftar en ekki er það í höndum hönnuða og listamanna að rannsaka möguleika aðferða og nýta til fulls. Risograph aðferðin er einstök að mörgu leyti, hún er umhverfisvæn og byggir á annarri tækni en þær prentaðferðir sem algengastar eru í dag eins og áður er nefnt. Hún hefur upp á marga fagurfræðilega eiginleika að bjóða sem er ein af ástæðum þess að listafólk aðhyllist hana. Hún byggir á svokölluðum akvatinturasta sem þýðir að punktarir í prentinu dreifast náttúrulega í stað þess að falla í

línu. Þetta gerir það að verkum að prentið er yrojött og líkist einna helst koparætingu, steinþrykki eða silkiþrykki. Á meðan hefðbundið laser-, bleksprautu- og offsetprent byggir oftast á notkun fjögurra lita; bláum, bleikum, gulum og svörtum sem mynda síðan allt litrófið býður risograph upp á fjölda annarra lita til viðbótar við þá sem mynda hefðbundin litablöndunarkerfi. Því er hægt að prenta lag eftir lag í ljósfjólubláum, flúrbleikum, hvítum o.s.frv.

Þó svo að prentvélin sé notendavæn þarf sá sem hugar að útgáfu í risograph að skilja bæði hönnunar- og prentferlið. Þetta gerir það að verkum að útgefandinn þarf í auknum mæli að tileinka sér sjálfbærni frekar en aðkeypta þjónustu. Það verður aðeins til þess að auðga fagið og minnka umhverfisáhrif þess.³

Offset litografía

Við prentun á öðru tölublaði *Dunce* er ætlunin að gera enn frekari tilraunir með prentaðferðir þar sem við munum nýta okkur möguleika offsetprentunar. Það gefur hönnuði tækifæri til að halda áfram að vinna með prentmiðilinn á skapandi hátt. Hönnun blaðsins mun miða að því að leita leiða til að takmarka kostnað t.d. með notkun spotlita eða með því að prenta vissa kafla innan blaðsins í einum lit. Ólíkt risograph prenti sem miðast við þá liti sem fyrirtækið framleiðir býður offsetprent upp á endalaus möguleika hvað varðar litaval og litablöndun. *Dunce* er tímarit sem aðhyllist tilraunastarfsemi og dregur fram skapandi ferli listamanna og okkur þykir þessi tilraunagleði með prentformið endurspegla hugsjón blaðsins.

Framleiðsluferli blaðsins, líkt ritstjórnarferlinu skal vera skapandi ferli. Með þessu móti skuldbindum við okkur ekki til að fylgja einhverri einni framleiðsluaðferð heldur höfum við frelsi hverju sinni til að gera tilraunir með miðilinn og að búa til prentgrip sem sker sig frá fyrri tölublöðum.

Í framtíðinni sjáum við fyrir okkur að vinna mögulega með leturprent, blindþrykk, silkiþrykk og aðrar grafíkaðferðir til að auðga efniskennnd blaðsins. Einnig kemur til greina að vinna með stafrænt prent og ljósrít meðfram hefðbundnum grafíkaðferðum. Þannig verður hver útgáfa einstök. Þó eru ýmis atriði sem haldast óbreytt milli tölublaða svo sem leturgerð og hönnunarstílbrigði sem viðheldur samræmi milli tölublaða. Mikilvægast teljum við að standa við umhverfisstefnu okkar sem er að búa til prentgrip í takmörkuðu upplagi með umhverfissvottuðum og endurunnum pappír.

³ Sigurður Atli Sigurðsson, 2020.

2.3 Mörkun, miðlun og dreifing

Kjarnaskilaboð

Dunce veitir innsýn í starfsvettvang danslistar og gjörninga. Tilraunir með listformið og skapandi ferlið eru í fyrirrúmi. Markmiðið er að auka aðgengi fólks að danslistum, opna á umræðuna og styrkja fagvettvanginn með aukinni orðræðu um þessa tímatengdu miðla. Ekki er fjallað um pólitísk mál starfsvettvangsins heldur er sköpunin í forgrunni. Með því skerum við okkur enn fremur frá fréttá- og blaðamennsku.

Miðlunarleiðir

Tímaritið er gefið út á eins sjálfbæran og umhverfisvænan hátt og mögulegt er. Það nýtist sérstaklega við útgáfu á sviði lista og menningar þar sem þau svið búa oft yfir takmörkuðu fjármagni. Með því að hafa útgáfuna hagkvæma er hægt að tryggja framleiðslu tímaritsins, þó svo að ekki fáið mikið fjármagn fyrir verkefninu. Tímaritið verður gefið út árlega á Reykjavík Dance Festival eða á Reykjavík Art Book Fair.

Markhópur

Markhópurinn eru allt áhugafólk um gjörningalist og danslist, sem og listamenn og dansarar, dansnemar, kennarar og fræðimenn í hugvísindum og listum. Bæði er hér átt við fólk sem býr og starfar hérlendis en einnig menningarsinnað fólk erlendis sem annað hvort hefur áhuga á miðlinum eða vill kynna sér störf og senu íslenskra dans- og gjörningalistamanna.

Þar sem efnið er fjölbreytt hefur það þann kost að vera aðgengilegt öllum og býður upp á mismunandi lestur. Efnið er bæði um íslensku senuna en einnig eru greinar frá danssenunni á völdum stöðum erlendis til þess að setja íslensku senuna í alþjóðlegt samhengi.

Snertingarleiðir


Haldið er uppi vefsíðu tímaritsins, Instagram og Facebook síðu. Tímaritið er auglýst hjá fagfélögum á borð við Félag íslenskra listdansara og Félag danshöfunda. Jafnframt er blaðið kynnt fyrir meðlimum Sambands íslenskra myndlistarmanna og hvetjum við Listaháskóla Íslands og aðra dansskóla landsins til að kynna tímaritið fyrir nemendum sínum.

Dreifing, upplag

Tímaritinu er dreift í bókabúðir og safnbúðir hérlendis. Því er einnig dreift til samstarfsaðila Prents & vina erlendis. Prent & vinir eru í samstarfi við dreifingaraðila m.a. í Apenu, Amsterdam, París, Vínarborg og New York og koma tímaritinu í dreifingu þar. Því stuðlar útgáfan að tengslum íslenskra listamanna við alþjóðlegu listasénuna. Að sama skapi er tímaritinu dreift á Reykjavík Dance Festival sem dregur að sér fjölda alþjóðlegra danslistamanna og listunnenda. Fyrsta tímaritið er gefið út í upplagi af 400 og eftir því hvernig sala og dreifing á þessu fyrsta tölublaði gengur verður upplagið endurskoðað.

2.4 Auglýsingar í listtímaritum

Ef tímarit á að geta staðið undir kostnaði þarf að útvega tekjur. Einn möguleikinn er að sækja um styrki sem getur reynst afar góð viðbót við starfsemina. Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir árlegum styrkjum sem koma til með að halda rekstri blaðsins gangandi auk þess sem að mikil samkeppni er um þá styrki sem í boði eru fyrir tímarit á svona sérhæfðu sviði. Ein helsta tekjulind tímarita eru auglýsingar. Ef tímaritið er á vef og á prenti getur það selt auglýsingapláss bæði í tímaritinu sjálfu og á vefsíðunni. Með því að skoða betur auglýsingar í öðrum listtímaritum á borð við *Artforum International* og önnur stærri tímarit gefst kostur á að skoða betur hvers konar auglýsingar hægt er að bjóða upp á í tímariti á sviði lista.




Mynd 4 Auglýsingar listasýninga, © Artforum International⁴

⁴ Velasco, *Artforum International*, 57, nr. 6, 28-29.

Tímaritið *Artforum International*, tölublað 57 nr. 6, er 204 blaðsíður að lengd. Þar af eru í það minnsta 90 blaðsíður auglýsingar listasýninga og listar yfir gallerí í völdum löndum. Fyrstu 33 blaðsíður tímaritsins eru alfarið tileinkaðar heilsíðuauglýsingum sem tengjast allar efni tímaritsins. Það er fyrst og fremst heilsíðumynd af listaverki með nafni listamanns, borg, staðsetningu gallerís og tilgreindu sýningartímabili. Lesendur fá tilfinningu fyrir stefnum og straumum samtímans í gegnum auglýsingarnar, sem eftir einhvern árafjölda verður eflaust áhugaverð heimild. Þar má greina hreyfingar innan myndlistar og þróun, allt í gegnum auglýsingaefni tímaritsins. Auglýsingarnar eru settar fram með fagurfræði og hönnun sem vísa til veggspjalda sem auglýsa sýningar. Auglýsing eða umfjöllun í tímariti af þessu tagi hefur mikið vægi innan listasunnar. Sarah Thornton kemur inn á þetta í bókinni *Seven Days in the Art World*:

Somewhat like a Turner Prize victory or nomination, an *Artforum* front cover, feature, or sometimes even a review can have a tremendous impact on an artist's career. And just as the prize relies on the authority of the museum and the trustworthiness of the jury, so the magazine's influence is directly related to its perceived integrity.⁵



Mynd 5 Tísku auglýsing, © *Artforum International*⁶

⁵ Thornton, *Seven Days in the Art World*, 150.

⁶ Velasco, *Artforum International*, 57, nr. 6, 48-49.

Auglýsing frá Saint Laurent prýðir opnu 48-49 í *Artforum*⁷ en klæðnaðurinn sem verið er að auglýsa er fyrir fyrirframskilgreindan markhóp tímaritsins; listræn bóhemtýpa með stráhatt, leðurólahálsmen, náttúrulegan andlitsfarða klædda svörtum frakka. Það sem er einnig auglýst er listi yfir gallerí í ákveðnum löndum, Þýskalandi, Danmörku, Belgíu, Lúxemburg, Ástralíu og Nýja Sjálandi, Texas, Dubai, Hollandi, Bretlandseyjum, Portúgal, Noregi, Frakklandi, Ítalíu, Tyrklandi, Spáni og samtímalistasöfn í Bandaríkjunum.

Það er vert að skoða hver ávinningurinn er af auglýsingum til fjármögnunar á tímaritum lista og hönnunar. Þá má ætla að lesendur listatímarita séu margir hverjir listamenn sem eru ekki að lesa tímaritin til að kaupa verk og að lesendur hönnunartímarita séu frekar á höttunum eftir verkum til að kaupa. Í greininni „Does Advertising Make Sense for Artists?“ Eftir Daniel Grant á vef HuffPost segir Carroll Michels: „For the most part, the majority of art magazine readers are other artists, who are not in the market for buying other artists’ artwork. If you decide to purchase advertising space, select upscale consumer and interior design publications.”⁸ Tímarit fjármagna útgáfuna að mestu með auglýsingum, sem og á áskriftum og sölu. Þar sem tímarit þurfa að notast við auglýsingar ef þau eiga að halda velli er til fyrirmyndar að efniviður þeirra sé nátengdur efni tímaritsins. Eins og áður sagði eru auglýsingasíðurnar tæplega helmingur alls blaðsins *Artforum* en móta vissulega stóran hluta efnisins. Það gerir tímaritið myndrænt, litríkt, grípandi fyrir augað og gefur sterka tilfinningu fyrir þeirri list sem er til umfjöllunar hverju sinni.

Dunce selur auglýsingapláss í tímaritinu. Það kemur eingöngu til greina að hafa auglýsingar sem tengjast efni tímaritsins beint. Líkt og í tímaritinu *Artforum International* eru auglýsingarnar frá galleríum og leikhúsum sem auglýsa komandi sýningar, dansskólum, og þeim stöðum sem endurspeglar senuna.

⁷ Ibid.

⁸ Daniel Grant, „HuffPost“, 2016.

3 Sjálfsútgáfa

Sjálfsútgáfa gerir okkur kleift að velja efni tímaritsins *Dunce* óháð markaðslegum þrýstingi. Þar sem danslistin verður oft undir öðrum listgreinum er hægt að gefa henni rödd með þessu tímariti, rödd sem fær alla jafna ekki að láta í sér heyra líkt og Elektra útgáfan gerir:

Elektra KB talks about their body of work and the possibilities self-publishing and zine making introduce to exchange ideas and offer a platform to underrepresented narratives. Elektra also speaks to the current pressure of productivity and the continued divide between humanity and capitalism, where our perceived existence remains tied to our economic value.⁹

Sjálfsútgáfa þarf ekki að fara í gegnum útgáfufyrirtæki til að fá birtingu og hefur því tækifæri til að miðla róttækum hugmyndum eða hugmyndum sem tilheyra hverskonar gagnmenningu sem myndu ef til vill ekki fá samþykki útgáfufyrirtækis:

Self-publishing then can serve as a tool for activism and political possibilities, disseminating countercultural ideas to a large audience. This system strengthens the intimate relationship between the published object and its producer, as the author bears the brunt of production and circulation costs in exchange for creative control and direct access to their public.¹⁰

Ritstjórinn hefur það fram yfir algóritma internetsins að geta sett saman efni sem kemur fólki á óvart og leiðir til þess að lesandinn uppgötvar eitthvað nýtt. Sérstaða ritstjórans liggur í því að vera skapandi og að vera í stöðugri leit að nýjum vinkli, nýju sjónarhorni. Algóritmar aftur á móti hafa þann eiginleika að sýna notendum meira af því sama og áætla hverju viðkomandi hefur áhuga á. Það sem gerist þá er að lesandinn tapar sér í eigin veruleika, festist í sama sporinu og fær síður aðgang að efni sem skrifað er frá öðru sjónarhorni en hans eigin. Hann tapar yfirsýn og þekking hans takmarkast við fyrirframgreint áhugasvið hans og skoðanir. Ef lesandi reiðir sig alfarið á þekkingarmynstur algóritma og samskonar netforrita fer hann á mis við að víkka þekkingarsvið sitt.

⁹ „Printed Matter.“

¹⁰ Ibid.

3.1. Sjálfbærni í tímaritaútgáfu

I'm sure it applies to most fields, but in publishing especially you find yourself talking a lot about sustainability. It's a topic that comes up frequently when I speak to other magazine makers. It's no secret that generating money from publishing — whether it's in digital or in print — becomes increasingly challenging in an environment where everyone expects the default price tag to be 'free'.¹¹

Eins og nefnt var hér að ofan er sjálfbærni mikilvægur þáttur í útgáfu tímarita. Orðið tímarit vísar til þess hvernig útgáfa tímarita er hugsuð sem einhverskonar skrásetning á samtímanum, upplýsingamiðill sem er hugsaður til skamms tíma en ekki til varðveislu. Efni þeirra er skylt fréttæfni og því er internetið að mörgu leyti betur til þess fallið að koma þess konar efni á framfæri, efni sem þarfnast stöðugrar uppfærslu. Útgefið efni af því tagi er fólk vant að fá endurgjaldslaust. Til þess að standast samkeppni hafa tímarit í auknum mæli þurft að leita sjálfbærari leiða bæði hvað varðar fjármögnun og framleiðslu en ekki síður til að takmarka umhverfisáhrif.

Tímarit verða að hafa eitthvað eitthvað fram yfir vefútgáfu til þess að fólk vilji kaupa tímaritið sjálft á prenti. Ekkert jafnast á við upplýsingaflæði á internetinu og því er það stærsti keppinauturinn í útgáfu efnis af þessum toga. Með þetta í huga var ákveðið að leggja mikla vinnu í hönnun og fagurfræði tímaritsins *Dunce*. Lögð var áhersla á að það væri eigulegt, listgripur í sjálfu sér og hönnunargripur. Þar sem blaðið er gefið út með sjálfútgáfu og ekki háð þrýstingi frá neinum styrktaraðilum sem gætu haft áhrif á efnistöð blaðsins getur tímaritið lagt áherslu á tímalaus skrif og þarf ekki að gera pólitískum hræringum listasenunnar skil. *Dunce* hefur listrænt frelsi til að gefa út tímalausa og faglega umfjöllun um dansmiðilinn. Þetta listræna frelsi er einn af styrkleikum tímaritsins.

When only commercially successful names get canonized, it distorts our perspective of the range of works actually produced, as when it recuperates a culturally diverse scene only to have market forces and the celebrity system brought down on it. Some of the most interesting artists are involved with publishing today and operate unaffiliated with galleries.¹²

¹¹ „Offscreen“, 2015.

¹² Michalis Pichler, *Publishing Manifestos*, 13.

Þegar listamenn taka þátt í útgáfu og setja sig í hlutverk útgefenda, oft með sjálfsútgáfu, auðga þeir og þenja út mörk þess efnis sem gefið er út. Það eykur fjölbreytileika og gefur lesendum færi á að sækja sér efni utan við meginstraum þess efnis sem kemst í gegnum hefðbundið útgáfuferli.

3.2 Útgáfa og aktivismi: Smárit og DIY-menning

Indeed, one is tempted to say that in publishing as practice – perhaps more than in any other art field – artists have been able to assert the aesthetic value of their own socio-politically informed concerns and to engage, often under precarious conditions, in cultural activities fully aligned with their political values.¹³

Útgáfa á prentuðu efni á borð við smárit (e. *zine*) og efni sem er óformlega gefið út á rætur að rekja til aktivisma og pönksins. DIY menning tilheyrir nú daglegu lífi flestra og vísar í *bricoleur*, þúsundþjalasmiðinn, manneskjuna sem lagar, nýtir gamla hluti og er þannig skapandi í efnisnotkun og endurvinnslu. Með tilkomu bloggsíðna, samfélagsmiðla og Youtube getur hver sem er gefið út efni og er internetið því orðið að lýðræðislegum vettvangi þar sem hver sem er getur sett fram skoðanir sínar og fengið lestur. Umræddu birtingarformi er ekki ritstýrt, efnið kemur beint frá höfundinum.

A book is a sequential collection of pages, loose leaf or bound, and it is circulating in multiple reproductions. But today, we are no longer only talking about books anymore -more capacious than book, the term publication is better because it can encompass digital files, hybrid media, and forms we have yet to imagine.¹⁴

Ritstjórnin á kannski ekki hlutverki að gegna innan DIY-menningar og nýrra miðla sem eru öllum aðgengilegir. Það er þó ekki lengur hægt að aðgreina að fullu útgáfu og alternatífa miðla heldur eru þessir nýju vettvangar fyrir skoðanaskipti orðnir hluti af því sem telst til útgáfu: „Publishing or publications as an umbrella term would include any form of circulating information, including books, zines, loose-leaf collections, flyers, e-books, blog

¹³ Ibid., 13

¹⁴ Ibid., 15.

posts, social media, and hybrids, as long as they are (or are meant to be) viewed or read by multiple audiences.¹⁵ Útgefið efni er það sem hefur verið gert aðgengilegt.

Smárit (e. *zine*) eru afbrigði tímarita sem byggja oft á tíðum á fundnu efni, úrklippum og öðru efni sem sett er í nýtt samhengi. Oft tilheyrir þetta gagnmenningu og æskulýð. Haldnar eru zine hátíðir þar sem hver sem er getur tekið þátt og komið sínu smáriti á framfæri. Smárit eru ekki endilega með ISSN númer og eru því ekki útgefið efni samkvæmt ströngustu skilgreiningum. Hver sem hefur eitthvað fram að færa og setur það fram á þennan hátt hefur orðið og getur gefið út efni, óháð forlögum og tilskildum kostnaði. Oft er þetta efni sem er utan við normið og á ekki heima í hefðbundnum bókabúðum. Þetta er efni sem er á jaðrinum og getur verið erfitt að skilgreina. Gæðin eru mismikil, efninu er ekki ritstýrt og oft fá hugmyndir og skoðanir að hasla sér völl sem annars myndu ekki komast í gegnum valbunkann hjá bókaforlagi. Smárit líkt og bókverk eru oft prentuð í litlu upplagi á hagstæðan hátt. Þau eru fyrst og fremst unnin af hugsjón frekar en fyrir fjárhagslegan ávinning. Enn fremur skapar útgáfustarfsemi af þessu tagi sinn eigin menningarkima sem veitir útgefendum aðgang að strjálu og fjölbreyttu samfélagi sjálfsútgáfunnar.



Mynd 6 © Prent & Vinir, Athens Art Book Fair, 2019

The Book as an alternative to gallery and museum offerings allows a democratization of art, a decentralisation of the art system, since books can be distributed through the mail, through artist-run shops, through friendship; books take up less room, are portable, practical and democratic, and create a one-to-one relationship between consumer and artist, between owner and creator.¹⁶

Hugtakið bókverk kemur úr myndlistarheiminum; í listsögulegu samhengi er bókverk listaverk unnið af myndlistarmanni í bókarformi. Í dag hefur hugtakið bókverk breiðari merkingu og nær yfir sýningarskrár, hönnunarbækur, smárit, listaverkabækur, jafnvel útgáfu


¹⁵ Ibid.

¹⁶ Judith A. Hoffberg, *Archive Artist Publications*, 3.

á vinylplötum og hljóðsnældum, svo lengi sem útgáfan er hugsuð á heildstæðan hátt sem listaverk. Þetta endurspeglast í sýningarformi listbókamessunnar (e. *Art Book Fair*) þar sem í dag koma saman ljóðskáld, aðgerðasinnar, ýmsir sjálfsútgefendur, stór sölugallerí, listbókaförlög og stórar menningarstofnanir. Ástæðan fyrir þessu er að sá hugsunarháttur sem einkenndi þá listamenn sem unnu með bókverkaformið allt frá sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar hefur smitast út í hinar ýmsu greinar útgáfu og bókahönnunar.¹⁷ Hér er lýsing Sol LeWitt á verðgildi bókverka frá 1976:

Artists' books are, like any other medium, a means of conveying art ideas from the artist to the viewer/reader. Unlike most other media they are available to all at a low cost. They do not need a special place to be seen. They are not valuable except for the ideas they contain [...] It is the desire of artists that their ideas be understood by as many people as possible. Books make it easier to accomplish this.¹⁸

3.3 Ápreifanleiki



Mynd 7 © Ólafur Elíasson, *Your House*, 2006¹⁹

¹⁷ Sigurður Atli Sigurðsson, óútgefið viðtal, 2020.

¹⁸ Pichler, *Publishing Manifestos*, 60.

¹⁹ Ólafur Elíasson, *Your House*, 2006.

Bókin hefur það fram yfir veraldarvefinn að hún hefur efniskennd og nálægð. Einnig hefur pappír gott varðveislugildi. Aðgengi að efninu er frábrugðið stafrænu efni og það er þeim mun meiri nálægð við lesandann. Það er ekki hægt að stjórna dreifingu efnisins algjörlega. Þegar einhver fær eintak af bók getur hann komið henni áfram, dreift henni og skilið hana eftir og þannig getur bókin náð til fleira fólks en fjöldi eintaka sem til er af henni gerir ráð fyrir. Prentgripurinn opnar á tilviljanakennda möguleika, að rekast á bókina fyrir tilviljun og kynnast algjörlega nýju viðfangsefni, jafnvel áratugum eða öldum eftir útgáfu hennar.

Is the principal notion of the public sphere that is associated with publishing decisive or does it merely depend on the actual number of copies printed? Is it crucial that the publication is in principle accessible to everyone or just that it, in some form, circulates?²⁰

3.4 Listamaðurinn sem útgefandi

The dialogue between books is a key element for any publisher in order to create meaning; but it is even more important for the artist publisher to not be only a self-publisher, because artists who only publish themselves do not create a dialogue between authors, and remain in a solitary studio practice.²¹

Útgáfa, líkt og listsköpun býður upp á möguleikann á að skapa samfélag. Auk þess að gefa út eigið efni gefst listamanninum sem útgefanda tækifæri á að skapa samfélag með því að leiða saman skrif annarra listamanna. Hann getur jafnframt aukið aðgengi að listforminu og komið því út í samfélagið, til almennings. Það sem einkenndi upphaf bókverkalistar á Íslandi fyrir um fimmtíu árum voru samstarfsnetin sem sú vinna skapaði. Listamenn bæði frá Ameríku og Evrópu hófu samstarf við íslenska listamenn sem gerði þá að þátttakendum í alþjóðlegu myndlistarsenunni.²² „When you put a bunch of people between covers, you, in a sense, make a community.“²³

²⁰ Gilbert, *Publishing as Artistic Practice*, 25-26.

²¹ Antoine Lefebvre, „Portrait of the Artist as a Publisher: Publishing as an Alternative Artistic Practice,“ 61.

²² Sigurður Atli Sigurðsson, 2020.

²³ Estera Milman, „Circles of Friends: A Conversation with Alice Hutchins“, 205.

Þegar talað er um útgáfu sem listrænt ferli er tveimur hugmyndum haldið á lofti. Annars vegar er það þegar litið er á útgáfuferlið sem listrænt ferli og hinsvegar þegar listamaðurinn gengur í hlutverk útgefandans. Þegar litið er á útgáfuferlið sem listrænt ferli er áhersla lögð á ferlið sjálft fremur en einungis á lokaútkomuna. Við það að safna hugmyndum saman, velja saman höfunda og efnistöð er útgefandinn að störfum líkt og listamaður eða öllu heldur sýningarstjóri. Margt er líkt með hlutverki útgefandans og sýningarstjóra. Báðir velja þá listamenn eða höfunda sem þeir kynna. Þeir gera tillögur að breytingum, ráðleggja, velja miðlunarleiðir við hæfi og kynna efnið fyrir almenningi. „The core of curation is this very art of selecting, which includes its capability of ascribing meaning to the selection.“²⁴ Vinna mín við tímaritið *Dunce* er ekki svo frábrugðin því að skipuleggja samsýningu myndlistarmanna. Ég vel saman listamenn sem á einhvern hátt geta myndað athyglisverða og heildræna innsýn í starsfsvettvang danshöfunda og gjörningalistamanna. Hugmyndin er að hafa listamenn sem eru nýútskrifaðir jafnt sem listamenn sem hafa starfað lengur og búa að mikilli reynslu.

Listamaðurinn sem útgefandi einblínir fyrst og fremst á útgáfuna sem framlengingu og hluta af sinni listsköpun. Útgáfan styður við og er verk í sjálfu sér, t.d. smárit, bókverk og fleiri rit sem eru listgripir og geta staðið sem sjálfstæð verk. Með því að nýta bókamiðilinn sem viðbót við aðra þætti listsköpunar geta listamenn skapað sér fleiri tækifæri, nýtt sér annars konar sýningarvettvang og tekið þátt í bókamarkaðinum. Bókin getur þar að auki verið sýningarstaður sem er ekki staðbundin eins og gallerí og listasöfn.

²⁴ Gilbert, *Publishing as artistic practice*, 23.

4 Skrif listamanna: Stefnuyfirlýsingar, skrásetning dansverka og listrænar rannsóknir

Eftirfarandi kafli gerir grein fyrir efnistöku tímaritsins *Dunce* með því að rýna í skrif listamanna. Danshöfundar og gjörningalistamenn vinna að efni fyrir sýningar í gegnum skapandi ferli sem ýmist teljast til listrænna rannsókna, hugmyndavinnu, skissugerðar eða mótunar stefnuyfirlýsinga (*manifesto*) eða yfirlýsinga listamanns (e. *artist statement*). Misjafnt er hvort efni af þessu tagi er nýtt til útgáfu en við gerð tímaritsins eru efnistökin sótt í þessa ólíku þætti sköpunarferlisins. Farið verður yfir helstu skrif listamanna. Þeim hefur verið skipt upp í flokka og heita kaflarnir eftir þeim. Helstu flokkar eru eftirfarandi: Listrænar rannsóknir, stefnuyfirlýsingar, skissur og skrásetningar dansverka. Fyrst verður gert grein fyrir efnistöku og þema annars tölublaðs *Dunce*. Þar næst verður hver flokkur útskýrður til þess að varpa ljósi á þá þætti sem ritstjórn tímaritsins vinnur út frá og nýtir í stefnumótun og mótun efnistaka.

4.1 Annað tölublað *Dunce*: Efnistöku

Annað tölublað *Dunce* mun draga fram skissur dans- og gjörningalistamanna. Í raun rekur útgáfa blaðsins á vissan hátt sköpunarferlið. Fyrsta tölublað fjallaði um stefnuyfirlýsingar sem eru oft það fyrsta sem samstarfshópur listamanna gefur frá sér. Annað skref sköpunarferlisins er oftast en ekki skissuvinna. Þetta á ekki síður við um sviðslistamenn þó að þessi myndræna vinna þeirra rati síður í sýninguna sjálfa eða útgáfu tengda henni. Þó eru ýmsir angar fagsins í dag sem styðja við útgáfu á skissum og áherslu á ferlið sjálft svo sem aukin áhersla á listrænar rannsóknir og aukin umsvif sjálfstæðra danshöfunda sem starfa utan hefðbundins sýningarramma leikhúsa og sviðslista. Því er stefnt á að skissur dans- og gjörningalistamanna að verkum verði umfjöllunarefni næsta tölublaðs. Skissuformið er mjög fjölbreytt og inniheldur allt frá óhlutbundnum vatnslitateikningum hreyfingar að raunsæjum teikningum af sviðsmynd og flytjanda. Oftast en ekki eru skissurnar einhverskonar krot eða óræðar leiðbeiningar sem öðlast vægi einungis með fullmótað verk til hliðsjónar.

Ritstjórnarstefna *Dunce* leggur upp úr því að finna höfundar sem hafa mikla þekkingu á dansi, sviðslistum og gjörningalist. Með því stuðlum við að faglegru og málefnalegri umræðu um listformið og sköpunarferli listamanna. Í fyrsta tölublaði *Dunce* voru fræðigreinar og viðtalsgreinar í forgrunni en ákveðið var að hafa eina sýningarumfjöllun. Umfjöllunin var túlkun og upplifun Önnu Kolfinnu Kuran á verki Sigríðar Soffíu Níelsdóttur. Báðar eru starfandi danshöfundar sem nota kóreografíu þvert á miðla. Mikilvægt er að líta jafnt til skrifa listamanna sem og fræðimanna þar sem báðir vinklar skapa heilsteypa sýn og rýni í listina. Markmið okkar er að tímaritið geti verið uppspretta innblásturs jafnt fyrir þá sem eru þegar starfandi innan greinarinnar sem og fyrir þá sem lesa um dans og gjörninga í fyrsta sinn. Ef blaðið kveikir innblástur hjá lesanda til að skapa eitthvað sjálfur eða að sækja danssýningar er markmiðinu náð. Kóreografían á erindi við alla og getur veitt fólki nýtt sjónarhorn á tilveruna. Hér segir Elísabet Jökulsdóttir um fyrsta tölublað *Dunce*,

Listamennirnir eru með svo mikla hugsjón. Ef ég er búin að glata sjálfri mér, glata tengingu við listina og missa jarðtengingu, þá get ég lesið þetta blað og fengið aftur þennan hugsjónarneista.²⁵

4.2 Listrænar rannsóknir

Listrænar rannsóknir (e. *artistic research*) eru byggðar á rannsóknarferli listamanna við sköpun verka. Oft leiðir þetta af sér útgefið efni úr ferlinu. Í rannsóknnum af þessu tagi er akademískum vinnubrögðum beitt við listsköpun og gerð listaverka.

As actors, dancers, film-makers, musicians, visual artists and writers immerse themselves in any area of problem solving, they bring their unique ways of examining and communicating experience, which further what we might call a more complete community of enquiry where methods of research are designed in an effort to find the best ways to address certain questions.²⁶

Listamenn sem taka fyrir listrænar rannsóknir í vinnu sinni skrifa markvisst um eigið verkferli sjálfir og gefa efni út á eigin forsendum líkt og við sjálfsútgáfu. Þegar unnið er að listrænni rannsókn er ferlið skrásett, opnað á aðferðafræði og tekið þátt í málþingum þar sem

²⁵ Elísabet Jökulsdóttir, „Lestarklefinn: *Dunce*, Vol.1 og Hljóðleikhús.“.

²⁶ Shaun McNiff, *Art as Research*, 2013, xiv.

umfjöllunarefni rannsóknarinnar er rætt, rýnt í það og því deilt. Listamenn geta beitt aðferðum vísindalegra rannsókna en þurfa þess ekki. Þeim er frjálst að skapa eigin aðferðir með listrænum grunni þannig að rannsóknin gagnist skapandi ferlinu.²⁷

Afrakstur rannsóknarinnar sem oft er lokasýning; dansverk eða myndlistarsýning, ætti að tengjast rannsókninni sjálfri. Skrásetningin verður einnig að vera greinargóð lýsing á rannsókninni. Hér segir:

[...] but when you work with performative art, actions, installations or other live formats, the work of art is most often presented in a context where it is confronted with an audience. If you for instance choose to tape the work for documentation, the film will be an interpretation of the work and not represent the work itself. The documentation should have a form and a content that represents the method and insights gained through both the process and the result.²⁸

Það getur reynst flókið að fanga kjarna listrænnar rannsóknar þannig að það sem eftir stendur sé ekki einungis sýningin sjálf heldur gefi betri innsýn í ferli og rannsóknir listamannsins. Með því að opna á ferlið er opnað á umræður og krefjandi spurningar sem hvetja listamanninn til að ganga lengra í rannsókn sinni. Með birtingu listrænna rannsókna styrkir útgáfan viðkomandi listgrein þar sem þær verða aðgengilegar öðrum listamönnum, þeim til innblásturs og hvetja til framþróunar. Þegar tilraunir og vinnuferli danshöfunda og listamanna eru gefnar út eflir það danssamfélagið í heild til þess að þróa kóreográfískar aðferðir áfram. Rannsóknir skila oft á tíðum af sér fleiri spurningum sem hægt er að rannsaka nánar síðar meir. Þannig má halda hugmyndum og skoðanaskiptum gangandi.

4.3 Stefnuyfirlýsingar

Manifesto er eitt form útgáfu sem listamenn hafa lengi vel notað til að koma hugsjónum sínum og listrænni sýn í ritað mál. Hugmyndafræðileg nálgun þeirra og ásetningur geta því fundið sér farveg og lagt grunn að vinnubrögðum. Riot Grrrrl Manifesto var skrifað árið 1991 af feminískum listhópi. Í þessu broti úr stefnuyfirlýsingu hópsins má finna fyrir ástríðunni sem drífur smáritasenu áfram, það er undir þeim sjálfum komið að skapa sína menningu,

²⁷ Efva Lilja, *Art, Research, Empowerment: The Artist as Researcher*, 15.

²⁸ *Ibid.*, 65.

það samfélag sem þær vilja sjá og skapa eigin merkingu til þess að vera óháðar karllægu samfélagi.

BECAUSE us girls crave records and books and fanzines that speak to US that WE feel included in and can understand in our own ways.
BECAUSE we wanna make it easier for girls to see/hear each other's work so that we can share strategies and criticize-applaud each other.
BECAUSE we must take over the means of production in order to create our own new meanings.²⁹

Yvonne Rainer danshöfundur skrifaði stefnufirlýsingu sem hluta af verkinu *Trio A*. Manifestoið er nú eitt þekktasta manifesto danssögunnar. Yngri danshöfundar hafa búið til eigin manifesto sem svar við umræddri stefnufirlýsingu. Með útgáfu textans styrkir Yvonne og kjarnar hugmynd verksins þar sem hún setur fram eigin staðhæfingar um tilgang dansins. Jafnframt lýsir hún yfir andstöðu á ríkjandi stefnum í nútímadansi.³⁰ Manifestoið gaf hún út 1965, ári fyrir frumsýningu dansverksins. Hér má sjá manifestoið í heild sinni:

No to spectacle.
No to virtuosity.
No to transformations and magic and make-believe.
No to the glamour and transcendency of the star image.
No to the heroic.
No to the anti-heroic.
No to trash imagery.
No to involvement of performer or spectator.
No to style.
No to camp.
No to seduction of spectator by the wiles of the performer.
No to eccentricity.
No to moving or being moved.³¹


Ákveðið var að hafa stefnufirlýsingar listamanna þema fyrsta tölublaðs *Dunce* þar sem stefnufirlýsingar eru oft ritaðar þegar verið er að finna hugmyndum form og þegar nýr hópur kemur saman til að móta sameiginlega sýn.

²⁹ „Riot Grrrl Manifesto”, í *Publishing Manifestos*, ritstj. Michalis Pichler, 83.

³⁰ „Learning Moma.“

³¹ Ibid., Rainer, *No Manifesto*.

4.4 Skrásetning dansverka



Mynd 8 *Choregraphie*, © Beauchamp-Feuillet, 1700

Sögulegt samhengi


Skrásetning dansverka hefur verið notuð til varðveislu allt frá tímum Lúðvíks XIV og mögulega mikið fyrr. Skrásetningarformið sem sést hér að ofan er úr bók sem ber heitið „Choregraphie“ sem var fyrst gefin út árið 1700. Bókin samanstendur af nákvæmum lýsingum á skrásetningarkerfi dans (e. *dance notation*) sem samið var um 1680 fyrir Lúðvík XIV. Höfundurinn hét Raoul-Auger Feuillet og var dansmeistari konungsins. Pierre Beauchamp sagðist hafa átt heiðurinn á skrásetningarkerfinu og ber skrásetningaraðferðin þess vegna heitið „Beauchamp-Feuillet“.³² Skráningarkerfið skrásetti grunnhreyfingar klassíska dansins.

Plié, relevé, sauté, cabriole, tombé, and glissé. Changes of body direction and numerous ornamentations of the legs and arms are also a part of the system, which is based on tract drawings that trace the pattern of the dance.³³

³² „The Public Domain Review.“


³³ Ibid.

Myndin sýnir ferðalag dansaranna á sviðinu, mynstur dansins og hreyfingar dansaranna. Efst má sjá nóturnar en tónlist hefur lengi vel notað skráningarkerfi sem er nú nótnakerfi á heimsvísu. Það er ekki eins farið með dansinn. Myndbandsupptökur eru algengari leið til að skrásetja dans og hefur þeirri aðferð verið beitt frá 1970. Það eru skiptar skoðanir á því hvor aðferðin sé betri til að varðveita dansverk. Myndbandsupptökur geta verið óskýrar og erfitt að greina hreyfinguna sjálfa og skrásetningar í rituðu formi geta verið takmarkandi auk þess sem fáir geta lesið í þær. Þar sem skrásetningaraðferðirnar eru ólíkar er ekki nægt samræmi til að allir hafi aðgang að efninu.



Mynd 9 *Choreographie*, © Beauchamp-Feuillet, 1700

Sú skrásetningaraðferð sem hefur öðlast mesta útbreiðslu er Labanotation saminn af Rudolf Laban. Laban var dansari, danshöfundur og dansfræðingur sem hafði mikil áhrif á dansfræði. Hann bjó til nýja skrásetningaraðferð sem er betur þekkt sem Labanotation, stundum Kinetography Laban.³⁴ Rudolf Laban vann að Labanotation yfir tvo áratugi, stúderaði hreyfingu og bjó til merki sem gátu túlkað hreyfingu líkamans í tíma og rými á blaði.



Mynd 10 *Labanotation*, © Rudolf Laban

Rudolf Laban's passion was to establish dance as an art of equal standing to its sister arts, a place it had never held. It had to establish a medium through its own literacy, hence in his burning desire to find a notation for dance. Without literacy dance would never be taken seriously by the cultural elite.³⁵

Þó svo að í dag sé ekki sama þörf á að upphéfa dans sem listform hefur skrásetning verka (og fleiri tilraunir til að miðla listforminu til almennings í gegnum ritað mál) gefið dansinum aukinn möguleika á útbreiðslu. Með því að nýta miðlunarleiðir á borð við skrásetningar og textaskrif um dans opnar senan sig út á við og mætir almenningi með það að markmiði að kynna listformið og starfsemina fyrir breiðum hópi fólks og hvetur það til að sækja danssýningar. Aukin þekking og skilningur á hugsunarhætti danssköpunar gerir fólki kleift að skilja listform sem getur reynst óaðgengilegt.

³⁴ Preston-Dunlop, „Trinity Laban Conservatoire of Music & Dance.“

³⁵ Ibid.

Ef til vill er það ekki aðeins í höndum leikhúsgagnrýnenda að miðla listforminu út á við heldur er það einnig í höndum danslistamanna að bjóða fólk velkomið með því að opna og veita innsýn inn í sköpunarferli sitt, á sama hátt og myndlistarmenn bjóða í vinnustofuheimsóknir. Myndlistarmenn deila hugðarefnum sínum með gestunum, sýna tilbúin verk eða verk í vinnslu og með aðstoð skissubóka kynna þeir verk sem enn eru aðeins á hugmyndastiginu. Fyrir nokkrum árum tók ég þátt í að skipuleggja kóreografísk tilraunakvöld, Seríu, sem haldin voru á Dansverkstæðinu, ásamt hópi danshöfunda. Þar fengu danslistamenn tækifæri til að sýna verk í vinnslu og fá ráðgjöf og beint samtal við áhorfendur og aðra þátttakendur. Það reyndist danshöfundum vel að fá þennan vettvang til að prófa hugmyndir í öruggu umhverfi sem hvatti til tilrauna.

Skissur póstmóðern danslistamanna


Póstmóðern listamenn sjöunda áratugarins tóku ferlið fram yfir lokaafrakstur. Í New York starfaði Judson Dance Theater, einn þekktasti hópur dansara og myndlistarmanna sem unnu þvert á miðla og gerðu mikið úr ferlinu sjálfu. Listamennirnir brugðu sér í hlutverk í verkum hvers annars, veittu stuðning og hvöttu hvorn annan til að víkka hugmyndir sínar um dansformið og skilgreiningar sínar á því hvað kóreografía var. Dansarar Judsons fundu fyrir betri viðtökum á verkum sínum hjá myndlistarsamfélaginu. Minimalismi og tilraunir hópsins voru ekki öllum að skapi, en þegar upp var staðið var þetta ein mikilvægasta hreyfing síðari ára og mikilvæg heimild um samstarf dansara og myndlistarmanna þar sem samruni listformanna var í hápunkti. Enginn miðill var þeim óviðkomandi. Það var einnig á þessum sama tíma sem gjörningalist rann saman við danslist og þar sem dansarar og myndlistarmenn unnu í sama miðil en nýttu sér sitthvora aðferðafræðina.

Dansarar komu að gjörningaforminu með tól kóreografíunnar en myndlistarmenn með sína ólíku sýn á möguleika performansins. Myndlistarmenn áttu það til að prufa hugmyndir sínar fyrst í gjörningaformi til þess að fá bein viðbrögð frá áhorfendum áður en þeir útsettu hugmyndir sínar í fast form eins og skúlptúra, ljósmyndir og málverk.³⁶ Gjörningaformið hefur ávallt verið tilraunakennt. Myndlistarmenn sömdu dansverk og prufuðu sig áfram líkt og dansararnir sóttu í myndlistina.

³⁶ RoseLee Goldberg, *Performance Art: From Futurism to the Present*, 7-8.

Danshöfundar sem tilheyrðu hópnum, þar á meðal Simone Forti og Yvonne Rainer, unnu skissur að verkum sínum. Þessar skissur hafa þjónað þeim jafnt í vinnuferlinu og til varðveislu verka þeirra. Nú eru verkin endursýnd á listasöfnum um allan heim og skissurnar nýttar sem leiðbeiningar að uppsetningu verkanna. Þær eru enn fremur mikilvæg heimild um listsköpun þeirra; aðferðir, hugmyndavinnu og framsetningu verka. Skissur úr vinnubókum danshöfunda hafa reynst dýrmætt efni fyrir útgefendur á sviði danslistar og fyrir danshöfundana sjálfa til að halda verkum sínum lifandi og að varðveita verk sem eru bundin tíma og rými.

Frá póstmódern hreyfingunni til dagsins í dag eru skissur áfram efni sem reynist útgefendum vel. Belgíski danshöfundurinn Anne Teresa de Keersmaeker hefur í samstarfi við Bojana Cvejc dans- og leikhúsfræðing unnið að bók í þremur bindum sem skoða kóreografíska aðferðafræði og ferli de Keersmaeker við gerð dansverka sinna. Það sem þær einblína á í rannsókninni eru skissur danshöfundarins, formin og mynstrin sem hreyfiferlar dansaranna skapa. Þá ber eitt bindið heitið *A Choreographer's Score: Fase, Rosas dans Rosas, Elena's Aria, Bartók*, þar sem "score" vísar í skissur úr vinnubókum danshöfundarins. Myndin sýnir "Variation 3" sem gefur mynd af hvers konar skissur hún vinnur fyrir verkin. Teikningar af verkum de Keersmaeker innihalda teikningar, skriflegar lýsingar, ljósmyndir og ýmis stuðningsskjöl.³⁷



Mynd 11 Variation 3, © Anne Teresa de Keersmaeker.³⁸

³⁷ „A choreographer's score: Fase, Rosas dans Rosas, Elena's Aria, Bartók.“

³⁸ Ibid.

Skissur eru frjáls aðferð til að setja niður hugmyndir. Hver listamaður beitir þeirri aðferð sem honum hentar best, enda er tilgangur skissuvinnu að styðja listamanninn í að sjá fyrir sér og skapa verkið. Danshöfundar nýta þær alla jafna til þess að fá tilfinningu fyrir nýtingu rýmisins, ferðalags dansaranna og til þess að sjá mynstrið sem dansinn skapar á sviðinu. Tölur sem rata inn í skissurnar gefa ýmist til kynna tiltekinn dansara, fjölda dansara eða talningu og takt, sem tengir dansarann við tónlist verksins. Þar sem skissur eru afar upplýsandi um sköpunarferli danshöfunda liggur beint við að einblína á skissur í öðru tölublaði tímaritsins *Dunce*. Þannig höldum við áfram að skyggjast inn í fjölbreytt sköpunarferli starfandi danshöfunda og gjörningalistamanna.

5 Lokaorð

Hlutverk ritstjóra tímarita og safnrita snýr er að miklu leyti að því að skapa samfélag. Í tilfelli tímaritsins *Dunce* byggir útgáfan að hluta á samfélagi sem nú þegar er til staðar og myndar senu dans- og gjörningalistar á Íslandi. Tímaritið setur þá senu í alþjóðlegt samhengi, styrkir grunnstoðir hennar með því að skapa vettvang fyrir faglega orðræðu og stækkar þar af leiðandi samfélagið með því að miðla því til breiðari lesendahóps listafólks, áhugafólks og fræðimanna. Í gegnum samtöl og samstarf við fjölda listamanna, rithöfunda og fræðimanna á sviði myndlistar og danslistar á Íslandi og erlendis hefur tímaritið dregið fram ýmsa áhugaverða skurðpunkta þessara tveggja fagsviða. *Dunce* varpar ljósi á mikla grósku á þverfaglegum mörkum dans- og myndlistar. Ritstjórnarstefnan lagði áherslu á að veita fjölbreyttum hópi listamanna rödd, út frá aldri, reynslu og listrænni sýn. Lögð var áhersla á að draga fram þessa miklu breidd listasunnar. Marie Bergy Handeland tók viðtal við eldri konu um líkamsbænir, Elísabet Birta Sveinsdóttir og Anna Kolfinna Kuran skrifuðu um list frá femínísku sjónarhorni og Mlonde Dubazane skrifaði um suður-afrískar staðalímyndir karlmenskunnar. Viðmælendurnir voru valdir til þess að sýna sem fjölbreyttasta nálgun á listsköpun á þessu sviði. Efni tímaritsins nýtist nemendum og kennurum við kennslu á sviði dans- og myndlistar og auðgar þekkingu almennings á listforminu. Með því að birta efni sem

tengist fremur sköpunarferli en pólitík er listin sjálf í forgrunni, aðgengileg öllum og getur hvatt til sköpunar og nýrra hugmynda lesenda.

Til þess að standast samkeppni hafa tímarit þurft að leita sjálfbærari leiða bæði hvað varðar fjármögnun og framleiðslu en ekki síður til að takmarka umhverfisáhrif. Til þess að skapa sérstæðan listgrip var ákveðið að prenta fyrsta tölublað *Dunce* með fjölritunartækni sem eykur efniskennð blaðsins og heldur í handgerða eiginleika prentsins. Tímaritið er gefið út með sjálfsútgáfu þar sem ritstjóri vinnur einnig sem útgefandi í samstarfi við lítið alternatíft forlag. Sjálfsútgáfa gerir útgefendum kleift að velja efnistöð óháð markaðslegum þrýstingi. Efnistöð tímaritsins rekja sköpunarferlið þar sem þema fyrsta tölublaðs voru stefnuyfirlýsingar listamanna og þema annars tölublaðs verða skissur og skrásetningar dansverka og gjörninga. Með því að taka á mismunandi umfjöllunarefnum milli tölublaða er sífellt verið að stækka samfélagið sem tímaritið myndar og fá fleiri raddir að samtalinu. Einnig er lögð áhersla á áframhaldandi tilraunamennsku við framleiðslu tímaritsins og er ætlunin að kanna möguleika offset litógrafíu og sérblandaðra spot-lita við prentun annars tölublaðs. Þegar lítið er á útgáfuferlið sem listrænt ferli er ferlið sjálft í forgrunni en með því að nýta bókamiðilinn til viðbótar við aðra þætti listsköpunar geta listamenn fundið sér nýjan sýningarvettvang. Þegar ákveðið er að gefa út efni úr listrænni rannsókn verður sköpunarferlið þar að auki sýnilegt.

Skapandi ferli getur af sér margþætt efni auk lokaafurðar sem ýmist telst til listrænnar rannsóknar, hugmyndavinnu, skissugerðar, mótunar stefnuyfirlýsinga og yfirlýsinga listamanna. Þessir angar mismunandi skrifa úr sköpunarferli listamanna veita innsýn í það efni sem ritstjóri á sviði dans- og gjörningalistar þarf að hafa þekkingu á til þess að geta gegnt hlutverki sínu; að velja inn höfunda og listamenn til umfjöllunar jafnt sem að móta þemu og efnistöð sem eru í samhengi við það sem er að gerast innan listasennunnar hverju sinni. Það er hlutverk ritstjórans að þekkja fag sitt vel; það er í höndum ritstjóra listtímarita að endurspegla það fagsvið sem tímaritið stendur fyrir.

Heimildaskrá

„A Choreographer’s Score: Fase, Rosas danst Rosas, Elena’s Aria, Bartók.” Rosas. Sótt mars 2021.

<https://www.rosas.be/en/publications/425-a-choreographer-s-score-fase-rosas-danst-rosas-elena-s-aria-bartok>

Caffoni, Paolo og Chiara Figone. „Notes Toward a Publishing Practice.“ Í *Publishing Manifestos*, ritstýrt af Michalis Pichler, 308-311. Cambridge, Massachusetts: The MIT Press, 2019.

Celant, Germano. *Book as Artwork 1960/1972*. London: Nigel Greenwood Inc. 1972/2. útg. New York: 6 Decades Books, 2010.

„Collection of Dances in Choreography Notation (1700).“ The Public Domain Review. Sótt mars 2021. <https://publicdomainreview.org/collection/collection-of-dances-in-choreography-notation-1700>

Dr. Preston-Dunlop, Valerie. „Rudolf Laban.“ Trinity Laban Conservatoire of Music & Dance. Sótt mars 2021.

<https://www.trinitylaban.ac.uk/about-us/history/rudolf-laban/>

Efva Lilja. *Art, Research, Empowerment: the artist as researcher*. Stockholm, Sweden: Regeringskansliet, 2015. Rafrænt form. Sótt,

<https://www.regeringen.se/49b72d/contentassets/3286aa141895483da32becb660e350d4/art-research-empowerment--the-artist-as-researcher>

Elísabet Jökulsdóttir. Viðmælandi, „Lestarklefinn: Dunce, Vol.1 og Hljóðleikhús.“ Rás 1, RÚV, 15. janúar 2021.

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/lestarklefinn/27610/879svt?fbclid=IwAR36Nn45IIMmCvObvMS3T5XxHtci6XdIOHtN8iJqdOuYsREDnIpidV93BjQ>

Gilbert, Annette ritstj. *Publishing as Artistic Practice*. 2. útg. Berlín, Þýskaland: Sternberg Press, 2016.

Goldberg, RoseLee. *Performance Art: From Futurism to the Present*. 1979. London, England: Thames & Hudson Ltd, 2001.

Grant, Daniel. „Does Advertising Make Sense for Artists?“ *Huffpost* (blogg). 22. ágúst 2016. https://www.huffpost.com/entry/does-advertising-make-sen_b_11648954?guccounter=1&guce_referrer=aHR0cHM6Ly93d3cuZ29vZ2xILmNvbS8&guce_referrer_sig=AQAAABRzAR6OO-jOy6P6AM5COVdjOKSEqiXVVM8Smjg24CuOG7BIvKPXYvLpZ4z9r1sK9ptJlhjdFSVOrA2ytP55_mP-wiA4PDwOvMMDufqm9GBLHK0mNcMII9Fs37H29bhkPv32T0Jjlz6cayFnR0_V4yzfXZVFrnWvVGINAQm23d8c

Gray, Carole og Julian Malins. *Visualizing Research: a Guide to the Research Process in Art and Design*. Hants, England: Ashgate Publishing Limited, 2004.

Kretschmer, Hubert ritstj. Hoffberg, Judith. A, *Archive Artist Publications*, 1976, Munich: AAP Archive Artist Publications, 2018.

Lefebvre, Antoine, „Portrait of the Artist as a Publisher: Publishing as an Alternative Artistic Practice.“ Í *Publishing as Artistic Practice*, ritstýrt af Annette Gilbert, 52-61. Berlín, Þýskaland: Sternberg Press, 2016.

Milman, Estera, „Circles of Friends: A Conversation with Alice Hutchins.“ Í *Fluxus: A Conceptual Country*. Visible Language, 26, nr. 1-2, ritstýrt af Milman, Estera, 203-209. New York, USA.

McNiff, Shaun ritstj. *Art as Research: Opportunities and Challenges*. Intellect Ltd. Chicago, USA: The University of Chicago Press, 2013.

Offscreen. „Making magazine publishing sustainable.“ (blogg). 18.febrúar 2015.

<https://www.offscreenmag.com/blog/making-magazine-publishing-sustainable>

Ólafur Elíasson. „Your House“ 2006. Sótt apríl 2021.

<https://olafureliasson.net/archive/publication/MDA110540/your-house>

Pichler, Michalis ritstj. *Publishing Manifestos*. Cambridge, Massachusetts: The MIT Press, 2019.

Rainer, Yvonne. „Trio A. No Manifesto,1978.“ MoMA Learning. Sótt apríl 2021.

https://www.moma.org/learn/moma_learning/yvonne-rainer-trio-a-1978/

Rosenthal, Stephanie (sýningarstj.). *Move. Choreographing You: Art and Dance Since the 1960s*. (sýningarskrá). Southbank Centre, London, England: Hayward Publishing, 2010.

Sigurður Atli Sigurðsson. óútgefið viðtal. 2020.

„The Political Possibilities of Self-Publishing.“ Printed Matter, Inc. Sótt mars 2020.

https://www.printedmatter.org/workshops?utm_source=Full+Contact+List&utm_campaign=53457fcd2EMAIL_CAMPAIGN_2020_04_29_02_32&utm_medium=email&utm_term=0_30fcd60143-53457fcd2-212048703

Thornton, Sarah. *Seven Days in the Art World*. New York, NY: W.W. Norton & Company, Inc., 2008.

Velasco, David ritstj. *Artforum International*, 57, nr. 6, (2019). New York, USA.